

## AUGLÝSING

### um framlagningu kjörskráa við Alþingiskosningar 23. apríl 1983.

Samkvæmt heimild í 1. málsg. 23. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959 um kosningar til Alþingis er hér með ákveðið

- a) að frestur sá, sem getur í 1. málsg. 19. gr. laganna, styttist þannig að kjörskrár skulu lagaðar fram 22. mars 1983 og
- b) að tími sá, sem kjörskrár skulu liggja frammi, sbr. 3. málsg. 19. gr., styttist þannig að kjörskrár liggja frammi til 8. apríl 1983.

Jafnframt er ákveðið, samkvæmt heimild í 2. málsg. 19. gr. laganna, að niður skuli falla frestur sá, sem þar er settur, til að auglýsa, hvar kjörskrár við alþingiskosningarnar verði lagðar fram.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. mars 1983.*

**Friðjón Þórðarson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 356 1. júlí 1982 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl., sbr. reglugerð nr. 788 17. desember 1982 um breyting á henni.

#### 1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ferðamönnum búsettum hér á landi er heimilt að hafa með sér við komu til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda fatnað og ferðabúnað, sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda, og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni, um borð í flutningsfari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi – annan en þann sem talinn er í 2. gr. – fyrir allt að 2 400 kr. að smásöluverði á innkaupsstað. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má þó ekki nema hærri fjárhæð en 600 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta að hálfu þeirra réttinda er að framan greinir.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan og greinir í 1. og 2. málslíð 1. mgr. þessarar greinar fyrir allt að 600 kr. við hverja komu til landsins hafi þeir verið 20 daga eða skemur í ferð. Tilsvarendi undanþága er 1 800 kr. fyrir lengri ferð en 20 daga og 2 400 kr. fyrir lengri ferð en 40 daga. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má ekki nema hærri fjárhæð en 600 kr. samkvæmt þessari málsgrein.